



Þetta valhefti er fyrir nemendur sem verða í 9. og 10. bekk næsta vetur. Eftir því sem nemendur eldast er lögð áhersla á að auka val í samræmi við þroska þeirra og getu. Þannig gefst nemendum kostur á að dýpka skilning sinn á ákveðnum viðfangsefnum um leið og þeir efla ábyrgð sína á eigin námi. Þeir og foreldrar þeirra eru því beðnir að kynna sér vel innihald bæklingsins.

Í 10. bekk geta nemendur ekki einungis valið milli smiðja heldur geta þeir sem hafa náð tilskildum árangri í ákveðnum bóklegum greinum einnig valið um að stunda bóklegt nám í FAS ef kennslan fer fram á smiðjutímum eða eftir skóla nemenda.

**Gerð er krafa um að nemendur sem velja bóklegt val í FAS hafi A meðaleinkunn í vor og lokið námsefni 10. bekkjar sé um grein að ræða sem kennd er á báðum skólastigum.**

Ekki verður aukaakstur út af þessu vali í sveitir og þurfa foreldrar sjálfir að sjá um akstur sem af því hlýst.

### **Smiðjur**

Nemendum í 9. og 10. bekk gefst færi á að vera í sex smiðjutímum á viku. Hver smiðja stendur í 8 – 9 vikur og komast nemendur því í fjórar smiðjur yfir veturinn. Í boði er heimilisfræði, leiklist, myndmennt, smíðar, textílmennt og Fab-Lab. Hér verða talin upp viðfangsefni í öllum þessum greinum og eru nemendur beðnir að **velja númer 1 það sem þeir vilja helst fara í og svo númer 2 og 3 sem þeir vilja síst fara í. Mikilvægt er að velja fyrir hvert tímabil fyrir sig.**

Reynt er að láta fyrsta val ganga upp hjá öllum en hugsanlega gengur það ekki upp og því er hitt til vara. Það er mikilvægt að nemendur ígrundi val sitt vel og séu reiðubúnir að fara í allt sem þeir velja.

**Athugið það má velja sömu smiðjuna oftár en einu sinni.**

# Leiklist

## Söngur

Í þessari smíðju verður unnið með söng fyrir árshátíð grunnskólans. Áhersla lögð á að læra á röddina, sviðsframkomu og sjálfstyrkingu.

## Leiklist 1

Í þessari smíðju kynnast nemendur grunnatriðum í leiklist. Unnið verður með heildstæð leikferli þar sem nemendur hafa tækifæri fyrir að virkja ímyndunaraflíð, spuna, líkamstjáningu og rödd.

## Leiklist 2

Þessi smíðja er framhald af Leiklist I þar sem unnið verður með áframhaldandi vinnu í grunnatriðum í leiklist. Sett verður upp lítið leikrit.

## Frá handriti á svið

Í þessari smíðju verður farið í gegnum vinnuferlið frá handriti á svið. Sett verður upp leikrit fyrir elsta stig grunnskólans. Nemendur þurfa að beita sjálfstæðri hugsun og fá tækifæri til að koma með eigin hugmyndir byggðar á handriti.

# Fab - Lab

## Fablab 1 – Grunntæki Fablab

Í þessari smíðju fá nemendur tækifæri til að kynnast helstu tækjum og áhöldum Fablab og læra að nýta þau á skapandi hátt. Lögð er áhersla á að þróa hugmyndir frá fyrstu skissu til afurðar, þar sem nemendur hanna, teikna og framleiða eigin verk með stuðningi kennara. Fablab smíðjan er góður staður til að læra nýja tækni og auðvelt er að tengja áhugamál sín og verkefni saman. Ekki er nauðsynlegt að hafa áður tekið þátt í Fablab smíðju – allir eru velkomnir!

## Fablab 2 - Þrívíddarhönnun, forritun og leikjagerð

Í þessari smíðju fá nemendur tækifæri til að kynnast þrívíddarhönnun, forritun og tölvuleikjagerð. Unnið er með hönnunarforrit þar sem nemendur skapa eigin hluti sem síðan er hægt að prenta út með þrívíddarprentara. Einnig er farið í hvernig unnið er með afurðirnar eftir prentun, t.d. með grunni, málningu og lakki.

Nemendur fá tækifæri til að kynnast tölvuleikjagerð í mismunandi umhverfum, s.s. Scratch, Unity og Unreal Engine, og þróa eigin hugmyndir að leikjum og gagnvirkum lausnum.

Að auki geta nemendur prófað að vinna með Arduino iðntölvur og kynnast hvernig forrita má einfalda rafeindahluti eins og LED-perur, mótora og skynjara. Verkefni geta verið góður grunnur að lokaverkefni í 10. bekk. Smíðjan hentar vel þeim sem hafa áhuga á sköpun, tækni og nýsköpun, og vilja dýpka þekkingu sína á fjölbreyttum verkfærum Fablab.

# Myndlist

## Leir

Leir og leirmótun er viðfangsefni smiðjunnar. Með leir er hægt að búa til margt skemmtilegt. Auðvelt er að búa til nytjahluti svo sem kertastjaka, skálar og fleira slíkt. Eins er hægt að gera flotta listmuni. Í leirsmiðju er hægt að láta sköpunargleðina fara á flug! Þeir sem vilja fá að prófa að renna leir á rennibekk og kynnast nýrri aðferð við vinnslu leirs.

Unnið er með steinleir, undirliti og glerunga. Farið verður í margar mismunandi aðferðir við mótun leirs. Brennsluferlið skoðað. Nemendur vinna bæði stýrð verkefni og frjáls.

## Jólasmiðja

Í þessari smiðju verður blandað saman vinnu í textíl og myndmennt. Þannig verða tímarnir fjölbreyttir og skemmtilegir. Bæði getur verið um skylduverkefni að ræða og frjálst val.

Tímarnir verða nýttir í að búa til jólaskraut og jólagjafir t.d. verður hægt að leira skálar, þæfa utan um jólaseríur, búa til dyrakrans/aðventukrans og sauma út jólamyndir, mála málverk og fleira spennandi sem nemendur geta valið sjálfir.

## Listaverkarán

Listaverkarán eru grunnurinn í þessari smiðju. Við skoðum stærstu ránin og fræðumst í leiðinni um list og allt sem henni viðkemur. Við vinnum myndir sem tengjast því sem við erum að fræðast um. Listasagan kennir okkur alltaf eitthvað nýtt og gefur okkur hugmyndir að því sem okkur langar að prófa og gera sjálf. Verkefnin eru margvísleg og nemendur fá útrás fyrir sköpunarpörf sína við úrvinnslu verkefnanna. Teiknun, málun, grafík, leirmótun og fleira verður meðal þess sem verður gert í þessari smiðju. Nemendur geta haft áhrif á viðfangsefni smiðjunnar. Engin skrifleg verkefni og enginn lestur.

## Margskonar myndlist - endurvinnsla

Þetta er tækifæri fyrir nemendur að fá að skapa sjálfir, vinna út frá eigin hugmyndum að myndverkum. Við vinnum allskonar verkefni og notum allskonar málningu, liti, leir, gifs og allt mögulegt en ætlum einnig að vinna mikið með verðlaust efni og efni og hluti sem okkur hefur verið gefið. Endurvinnsla er alltaf að verða stærri og stærri hluti af veruleika okkar og við ætlum að skoða í þessari smiðju hvernig við getum nota verðlaust efni og gamla hluti í listaverk. Þetta verður fjölbreytt og skemmtileg smiðja þar sem þeir sem hafa gaman af að skapa fá tækifæri til þess.

# Textílmennt

## Prjón og hekl

Farið verður í grunnaðferðirnar í prjóni og hekli í þessari smiðju, í framhaldi af því verður svo bæði um skyldu og valverkefni að ræða. Í valverkefnunum geta nemendur valið um hvora aðferðina þeir vilja frekar nota.

## Jólasmiðja

Í þessari smiðju verður blandað saman vinnu í textíl og myndmennt. Þannig verða tímarnir fjölbreyttir og skemmtilegir. Bæði getur verið um skylduverkefni að ræða og frjálst val.

Tímarnir verða nýttir í að búa til jólaskraut og jólagjafir. T.d. verður hægt að leira skálar, þæfa utan um jólaseriur, búa til dyrakrans/aðventukrans og sauma út jólamyndir, mála málverk og fleira spennandi sem nemendur geta valið sjálfir.

## Útsaumur og þæfing

Útsaumur býður upp á marga möguleika og farið verður í alls kyns útfærslur á honum. Í þæfingunni verður bæði þurrþæft og blautþæft og farið í ýmis verkefni tengd ullinni og þæfingu.

## Saumur og endurnýting

Í upphafi smiðjunnar verður farið í verkefni sem tengjast endurnýtingu, við saumum úr alls kyns efnum sem við gefum nýtt líf. Í framhaldi af því verður farið í fatasaum, þar sem nemendur læra að taka mál af eigin líkama og ákvarða stærðir, taka upp snið og hvernig saumavélin virkar. Það verða gerð ýmis verkefni, saumuð fót og fylgihlutir. Þegar fer að vora munum við jafnvel vinna að skemmtilegum verkefnum utan dyra.

# Heimilisfræði

## Matreiðsla og bakstur

Þessi smiðja hentar vel þeim sem hafa áhuga á matreiðslu og bakstri og langar að byggja ofan á þekkingu sína í faginu. Notast verður við uppskriftir úr ýmsum áttum en inn á milli verður matreitt án hefðbundinna uppskrifta. Áhersla verður á hollan og góðan mat en sætar krásir fá að fljóta með annað slagið. Þetta fag krefst góðrar samvinnu nemenda, sjálfstæði hvers og eins og er kjörinn vettvangur til sköpunnar.

# Smíði

## Trésmíði 1

Nemendur smíða hluti bæði eftir tilbúinni verklýsingu og vinnuteikningu og eftir eigin hugmyndum sem þau hanna og smíða frá grunni. Nemendur teikna hugmyndir og vinnuteikningu, gera verkáætlun og velja sjálf efni, samsetningar og yfirborðsmeðferð við hæfi. Lögð er áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.

## Skartgripagerð.

Hannaðir skartgripir eins og hálsmen, eyrnalokkar og armbönd. Notast verður við efni við úr áli og messing ásamt öðru tilfallandi.

## Trésmíði 2

Áframhald frá trésmíði 1 en gerðar meiri kröfur um að nemendur komi með sínar eigin teikningar og hugmyndir af verkefnum sem þeir smíða frá grunni. Nemendur teikna hugmyndir og vinnuteikningu, gera verkáætlun og velja sjálf efni, samsetningar og yfirborðsmeðferð við hæfi. Lögð er mikil áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.

## Gamalt verður nýtt

Í þessari smíðju verður unnið að lagfæringum á gömlu handverki sem farið er að sjá á og gert sem nýtt.

# Val fyrir 10. bekk í FAS

**ENSKA 1. áfangi** - Lestur, hlustun, orðaforði - kennt fyrir áramót Lestur almennra og sérhæfðra texta sem ekki eru einfaldaðir. Unnið með orðabók þar sem það á við. Aukin áhersla á að nemendur tjái sig frjálst og óbundið. Markvissar hlustunaræfingar. Áhersla lögð á að byggja upp og auka við hagnýtan orðaforða með margvíslegum æfingum á öllum færnisviðum. Enskt talmál æft, m.a. í tengslum við les- og hlustunarefni. Í skriflega þættinum er gerð krafa um flóknari setningaskipan, nákvæmari orðaforða og skipulegri framsetningu en í fyrri áfanga.

Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa náð A í meðaleinkunn við lok 9. bekkjar. Framhaldsáfangi er kenndur eftir áramót. Enskan verður einungis í boði fyrir nemendur ef kennslan fer fram á smiðjutímum eða eftir skóla nemenda.

**ÞÝSKA 1. áfangi** - Framburður og orðaforði - kennt fyrir áramót Í upphafi verða kynnt nokkur meginatriði um þýskumælandi lönd (svo sem lega, stærð og íbúafjöldi), helstu samskipti milli þeirra og Íslands (t.d. verslun, ferðamennska og framhaldsnám) og skyldleiki íslensku og þýsku. Síðan er unnið með einfalda texta sem tengjast reynsluheimi nemendanna. Lögð er megináhersla á þjálfun framburðar, uppbyggingu og notkun orðaforða um nánasta umhverfi, munnlega og skriflega tjáningu, hlustun og grunnatriði málfræðinnar sem nauðsynleg eru til að mynda einfaldar aðalsetningar og spurningar.

Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa náð A í meðaleinkunn við lok 9. bekkjar. Þýskan verður einungis í boði fyrir nemendur ef kennslan fer fram á smiðjutímum eða eftir skóla nemenda. Framhaldsáfangi verður kenndur eftir áramót.

**DANSKA 1. áfangi** - Skilningur, tjáning, menning II - kennt eftir áramót Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur geti skilið inntak ritmáls- og talmálstexta sem fjalla um nokkuð sérhæft efni sem þeir þekkja til eða hafa áhuga á. Nemendur eru þjálfaðir í að nota algeng orð og orðasambönd í ræðu og riti. Talþjálfun miðar að því að nemendur læri að orða hugsanir sínar skýrt og skilmerkilega í samtölum og frásögnum. Nemendur eru þjálfaðir í að beita mismunandi stílbrögðum við ritun texta.

Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa náð A í meðaleinkunn við lok 9. bekkjar. Danskan verður einungis í boði fyrir nemendur ef kennslan fer fram á smiðjutímum eða eftir skóla nemenda.

Ekki verður aukaakstur út af þessu vali í sveitir og þurfa foreldrar sjálfir að sjá um akstur sem af því hlýst.

# Valblað í 9 og 10. bekk

Nafn: \_\_\_\_\_ Bekkur: \_\_\_\_\_

Hér á eftir verða talin upp viðfangsefni í smiðjum. Hver nemandi er beðinn um að velja fjögur viðfangsefni sem hann á að merkja númer eitt, fjögur númer tvö og fjögur númer þrjú.

Reynt er að láta fyrsta val ganga upp hjá öllum en oft gengur það ekki upp og því þarf að hafa hitt til vara. Því er mikilvægt að nemendur vandi valið og séu reiðubúnir að standa við það.

## Heimilisfræði

( ) Matreiðsla og bakstur

## Leiklist

- ( ) Söngur  
( ) Leiklist 1  
( ) Leiklist 2  
( ) Frá handriti á svið

## Smíði

- ( ) Trésmíði 1  
( ) Skartgripagerð  
( ) Trésmíði 2  
( ) Gamalt verður nýtt

## Fab lab

- ( ) Fab - Lab 1  
( ) Fab - Lab 2

## Myndmennt

- ( ) Leir  
( ) Jólasmíðja  
( ) Listaverkarán  
( ) Margskonar myndli.- endurvinnsla.

## Textílmnt

- ( ) Þrjón og hekl  
( ) Jólasmíðja  
( ) Útsaumur og þæfing  
( ) Saumur og endurnýting

## Val fyrir 10. bekk í FAS

- ( ) Enska 1. áfangi  
( ) Danska 1. áfangi  
( ) Þýska 1. áfangi

**Athugið:** Við skólasetningu verður nemendum gefinn kostur á að sjá í hvaða smiðju þeir hafa lent. Þyki þeim eitthvað athugavert við það þá mega þeir koma með foreldrum sínum og ræða breytingar.

**Eftir það verður ekki hægt að breyta.**

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi valið þá vinsamlegast hafið samband við Skólastjóra

**Vinsamlegast skilið valblaðinu fyrir 22. maí 2025**

# Valblað í 9 og 10. bekk

Nafn: \_\_\_\_\_ Bekkur: \_\_\_\_\_

## Smiðjur

Hér á eftir verða talin upp viðfangsefni í smiðjum, alls 23 viðfangsefni. Hver nemandi er beðinn um að velja þrjú viðfangsefni á hverju tímabili sem hann á að merkja númer eitt, númer tvö og númer þrjú.

Reynt er að láta fyrsta val ganga upp hjá öllum en oft gengur það ekki upp og því þarf að hafa hitt til vara. Því er mikilvægt að nemendur vandi valið og séu reiðubúnir að standa við það. Athugið, það má velja sömu greinina á öllum tímabilum t.d. smíðar ef áhugi er á því.

### 1. tímabil ágúst – október

- Heimilisfræði
- Söngur
- Leir
- Þrjón og hekl
- Trésmíði 1
- Fab Lab 1

### 2. tímabil október – desember

- Heimilisfræði
- Leiklist 1
- Jólasmíðja
- Skartgripagerð
- Fab-lab 2

### 3. tímabil janúar – mars

- Heimilisfræði
- Leiklist 2
- Margskonar myndli.- endurvinnsla.
- Trésmíði 2
- Útsaumur og þæfing
- Tölvur

### 4. tímabil mars – júní

- Heimilisfræði
- Frá handriti á svið
- Listaverkarán
- Saumur og endurnýting
- Gamalt verður nýtt
- Tölvur

## Val fyrir 10. bekk í FAS

- Enska 1. áfngi
- Danska 1. áfangi
- Þýska 1. Áfangi

**Athugið:** Við skólasetningu verður nemendum gefinn kostur á að sjá í hvaða smiðju þeir hafa lent. Þyki þeim eitthvað athugavert við það þá mega þeir koma með foreldrum sínum og ræða breytingar.

**Eftir það verður ekki hægt að breyta.**

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi valið þá vinsamlegast hafið samband við Eygló

**Vinsamlegast skilið valblaðinu fyrir 23. maí 2024**